



Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 14. mars 2023
2302271/0.4.1


Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um innleiðingu lýðheilsumats í íslenska löggjöf (þingskjal 25 — 25. mál).

Embætti landlæknis fagnar tillögunni og staðfestir vilja sinn til vinna áfram með heilbrigðisráðuneytinu sem og öðrum hagaðilum að því að taka þau skref sem þarf til að festa mat á lýðheilsu í sessi með árangursríkum hætti.

Auk þeirra hagaðila sem þegar eru nefndir hvetur embættið eindregið til þess að sveitarfélög eigi sinn fulltrúa í sérfræðihópnum. Í vinnunni verði lögð áhersla á að byggja á þeim grunni sem þegar er til staða hér á landi m.a. fyrir mat á ýmsum áhrifum lagasetningar með samræmingu og samþættingu að leiðarljósi.

Tryggja þarf viðeigandi leiðbeiningar, stuðningsefni, þjálfun og önnur aðföng þar sem m.a. er horft til reynslunnar af innleiðingu jafnréttismats hér á landi sem og reynslu annarra landa. Ísland hefur þegar lært ýmislegt af vinnu Wales og Finnlands á sviði lýðheilsumats og reynsla við framkvæmd lýðheilsumats þegar til staðar m.a. hjá embættinu og Reykjavíkurborg. Í tengslum við Evrópuverkefnið JA-PreventNCD sem hefst að óbreyttu undir lok ársins er í farvatninu hagnýtt samstarf Íslands og fleiri Evrópuþjóða um þróun og útfærslu lýðheilsumats á vettvangi ríkis og sveitarfélaga, undir forystu Finnlands og Austurríkis, sem mun reynast gagnlegt fyrir þessa vinnu.

Virðingarfyllt,


Kjartan Hreinn Njálsson
aðstoðarmaður landlæknis